

Ávarp
Elizu Reid forsetafrúar
á Sjómannadeginum
Grindavík
2. júní 2019

Góðan daginn, gott fólk, og til hamingju með daginn. Ég þakka fyrir það tækifæri að fagna þessum hátíðisdegi með ykkur, þessum íslenska hátíðisdegi.

Ég nefni sérstaklega að dagurinn er íslenskur því að ég er fædd og uppalin í öðru landi. Samt er þessi dagur í sérstöku uppáhaldi í mínum huga. Sjómannadagurinn táknar svo margt sem er fjarri minni æsku og mínum heimahögum. Sveitin sem ég ólst upp í nálægt Ottawa í Kanada er órafjarri öllum úthöfum. Ferskur fiskur var sjaldan á borðum hjá okkur, aðeins til hátíðarbirgða. Sama gilti um ömmur mínar og afa. Hafið kom ekki við sögu í þeirra ungdómi. Móðurafi minn sleit til dæmis barnsskónum í Winnipeg í Manitoba, og er sú borg líklega eins langt frá hafi og hægt er að komast í Kanada. Samt fór nú svo að í seinni heimsstyrjöldinni gerðist hann sjálfboðaliði í sjóhernum. Ég spurði hann eitt sinn hvers vegna svo margir frá hans heimaslóðum hefðu valið þann kost, og þá svaraði hann að í raun hefðu óravíðáttur hafsins minnt hann á himinhvolfið yfir sléttunum miklu.

Auðvitað er það ekki þess vegna sem ég er svo hrifin af sjómannadeginum. Margt annað veldur því. Sjómannadagurinn er ekki fluttur inn að utan, til hans er ekki boðað í því skyni að selja blóm, kort eða búninga. Sjómannadagurinn á ekki rætur að rekja til trúarhátíða utan úr heimi. Hann skiptir okkur hér á landi einfaldlega svo miklu máli: Á sjómannadeginum fögnum við saman, fræðumst saman og heiðrum söguna saman.

Við Íslendingar ættum að kunna að meta mikilvægi útvegs að fornu og nýju. Á heimsvísu erum við í fararbroddi á sviði sjálfbærni, rekjanleika og fiskveiðistjórnunar. Nú reynum við að gernýta sjávarafurðir, til dæmis með því að nota roð til að græða sár og útbúa fæðubótarefni, nú eða framleiða snyrti- og tískuvörur. Hver hefði trúað því fyrir nokkrum áratugum?

Víða á Íslandi er útvegur ennþá undirstaða alls atvinnulífs. Á mörgum þessara staða hafa innflytjendur sest að og bæta samfélagið á sinn hátt, gera það fjölbreyttara og öflugra. Svo las ég nýlega í fjölmiðlum að sjómenn eru víst mun kynþokkafyllri en bændur – en það þykja örugglega engin tíðindi hér í Grindavík.

Kæru vinir! Á sjómannadeginum fögnum við ekki aðeins og gleðjumst saman. Fyrr í dag sótti ég guðsþjónustu hér í bæ; í morgun var maðurinn minn við minningarathöfn í Fossvogskirkjugarði í Reykjavík. Blessunarlega hefur slysum á sjó fækkað til muna undanfarna áratugi; um áramót gátum við fagnað því að síðastliðin tvö ár hefur enginn mannskaði orðið á hafi úti. Enn fylgir sjósókn þó áhætta.

Í kvæði sínu, „The Sea“, lýsir skáldið James Reeves ógnum hafsins vel. Fyrsta erindið hljómar svo – og ég fer fyrst með það á frummálinu

The sea is a hungry dog,
Giant and grey.
He rolls on the beach all day.
With his clashing teeth and shaggy jaws
Hour upon hour he gnaws
The rumbling, tumbling stones,
And ‘Bones, bones, bones, bones!’
The giant sea-dog moans,
Licking his greasy paws.

Í óformlegri og lauslegri þýðingu hljóðar kvæðið svo:

Sjórinn er soltinn rakki,
svartur og hár.
Í fjörunni veltir hann sér daginn út og inn,
með beittar tennur í opnum skolti.
Veltir um stein við stein,
„Bein, bein, bein!“
Ferlíkið vælir,
og sleikir hramm.

Góðir áheyrendur: Okkur ber skylda til að minnast allra þeirra sem hlotið hafa vota gröf, og gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að tryggja öryggi sjófarenda.

Og þegar nánar er að gáð er sjómannadagurinn og það sem hann stendur fyrir ekki svo fjarri æsku minni og uppeldi. Vissulega var ég þá fjarri ægisslóð en ég var nærri þeim sem ræktuðu landið og það sem það hafði upp á að bjóða, á sjálfbæran hátt.

Og hér á Íslandi, á þeim stað sem ég valdi að gera að heimili mínu, er sjórinn alltumlykjandi, sjórinn sem stóð mér svo sterkt í minni eftir mína fyrstu heimsókn hingað, sjórinn sem er mér svo minnisstæður þegar ég dvelst erlendis. Sægolan ferska og lyktin af sælöðri seitla inn í sálina.

Ég þakka ykkur öllum sem eigið sjóinn að sálufélaga, ykkur sem færið okkur björg í bú; þakka ykkur öllum fyrir allt ykkar góða og mikla starf í þágu samfélagsins alls.